

Fimmtudaginn 23. maí 1996.

Nr. 48/1995.

**Húsgagnaloftið og
Heiðar Sigurðsson**

(Jakob Möller hrl.)

gegn

Ragnheiði Erlu Hauksdóttur

(Garðar Briem hdl.)

Skaðsemisábyrgð. Aðildarhæfi. Frávísun máls að hluta frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1995. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti er Húsgagnaloftið heiti á einkafirma áfrýjandans Heiðars Sigurðssonar. Slíkt firma skortir hæfi til að eiga aðild að dómsmáli, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður kröfum á hendur firmanu því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi, en málskostnaður verður ekki dæmdur, að því er það varðar.

II.

Í málinu leitar stefnda viðurkenningar á skaðabótaskyldu áfrýjanda vegna slyss, sem hún varð fyrir, þegar eldhússtóll á heimili hennar brotnaði 1. janúar 1993, en stólinn hafði hún keypt í verslun áfrýjanda. Stefnda var að setjast á stólinn, sem er borinn uppi af málmgrind, þegar þverbíti undir framanverðri setunni losnaði á samskeytum. Féll stefnda við þetta utan í borð og miðstöðvarofn og hlaut af því áverka, svo sem nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi.

Af hálfu áfrýjanda er því ekki haldið fram, að stefnda hafi með gáleysi átt þátt í framangreindu slysi. Þá vefengir áfrýjandi ekki, að slysið megi rekja til framleiðslugalla í stólnum. Vegna gallans, sem hér um ræðir, var stóllinn ekki hæfur til þeirra nota, sem hann var ætlaður til. Ber áfrýjandi sem seljandi ábyrgð á þessum galla gagnvart notanda stólsins, en einu gildir í því sambandi, hvort hann hafi átt kost á að afla sér váttryggingar vegna áhættu sinnar af þessu. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest um annað en málskostnað, sem áfrýjanda verður gert að greiða stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og ákveðið er í einu lagi í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Kröfum á hendur áfrýjanda, Húsgagnaloftinu, er vísað frá héraðsdómi.

Viðurkennd er skaðabótaskylda áfrýjanda, Heiðars Sigurðssonar, vegna líkamstjóns, sem stefnda, Ragnheiður Erla Hauksdóttir, varð fyrir á heimili sínu 1. janúar 1993 af völdum eldhússtóls, sem hún keypti í verslun áfrýjanda.

Áfrýjandi greiði stefndu samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 17. nóvember 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 17. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-67/1994: Ragnheiður Erla Hauksdóttir gegn Húsgagnaloftinu og Heiðari Sigurðssyni og Váttryggingafélagi Íslands hf. til réttargæslu, sem tekið var til dóms 21. október síðastliðinn, að loknum munnlegum málflutningi.

Málið höfðaði Garðar Briem héraðsdómslögmaður fyrir hönd Ragnheiðar Erlu Hauksdóttur, Hjallavegi 6, Flateyri, kt. 031038-3405, með stefnu, út gefinni 22. apríl 1994, á hendur Húsgagnaloftinu, Skeiði 1, Ísafirði, kt. 420487-1699, og einkaeiganda þess fyrirtækis, Heiðari Sigurðssyni, Fagraholti 9, Ísafirði, kt. 010445-2059, in solidum til að þola dóm samkvæmt dómkröfum stefnanda. Þá er Váttryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, kt. 690689-2009, stefnt til réttargæslu í málinu. Tók Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður við birtingu stefnunnar fyrir hönd stefndu og réttargæslustefnda 27. apríl 1994, en málið var síðan þingfest hér fyrir dómi 4. maí síðastliðinn.

Dómkröfur aðila.

Stefnandi krefst þess, að viðurkennd verði með dómi bótaskylda stefndu vegna slyss, sem hún varð fyrir á heimili sínu 1. janúar 1993, þegar eldhússtóll, sem hún hafði keypt af stefndu, gaf sig með skaðvænlegum afleiðingum fyrir líkama hennar og heilsu. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu samkvæmt fram lögðum reikningi. Engar kröfur eru hins vegar gerðar á hendur réttargæslustefnda, en hjá honum höfðu stefndu keypt ábyrgðartryggingu.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar að mati réttarins. Réttargæslustefndi hefur ekki uppi sjálfstæðar kröfur í málinu.

Málavextir.

Í september 1991 keypti stefndi Heiðar Sigurðsson fjóra eldhússtóla af heildversluninni Kandís í Reykjavík til endursölu í verslun sinni, Húsgagnaloftinu, hér í bæ. Samkvæmt reikningi frá Kandís, sem var innflytjandi vörunnar, og öðrum fyrirliggjandi gögnum, var hér um að ræða ítalska stóla úr krómuðum stálrorum með hvítu leðurlíki á baki og stólsetum. Tvær þverslár úr krómuðu flatjárnri voru undir hverri setu, önnur að framanverðu, en hin að aftanverðu, og voru þær skeyttar við stólgrindina með rafsuðu. Stóla þessa ásamt eldhússborði keypti stefnandi af stefndu 1. október s. á. og flutti heim til Flateyrar.

Hinn 1. janúar 1993 sat stefnandi sem oftast í einum stólanna við eldhússborðið heima hjá sér. Er hún síðan hugðist draga stólinn nær borðinu, losnaði fremri þversláin með þeim afleiðingum, að setan brast og stefnandi skall með vinstri öxl í borðbrúnina og rak höfuðið í nálægan miðstöðvarofn. Við þetta viðbeinsbrotnaði stefnandi, en hlaut auk þess áverka á augabrún. Að ráði heilsugæslulæknis á Flateyri leitaði stefnandi hinn 8. s. m. til Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Segir meðal annars svo um komu hennar þangað í fram lögðu vottorði Þorsteins Jóhannessonar yfirlæknis:

„Röntgenmyndir teknar hér sýndu brot hliðlægt á vi. viðbeini með talsverðu misgengi. Vegna mikils misgengis og þess, að brotendinn færi í gegnum húð, var ákveðið að gera aðgerð á þessu, sem framkvæmd var 14. 1.'93 og brotið fest með stálvrí. Vegna þessa lá Ragnheiður (stefnandi, – innskot dómara) inni á FSÍ frá 13. 1. – 22. 1.'93. Kom síðan til brotnáms á stálþræði og endurhæfingar 26. 2.'93 og lá inni á FSÍ til 26. 3.'93. Við skoðun í dag, 2. 4., er ennþá stallmyndun á viðbeini og svokallaður svikaliður þar; hreyfingar í öxl eru ennþá takmarkaðar. Á þessu stigi málsins er allsendis óvíst, hvenær hægt er að telja Ragnheiði vinnufæra vegna þessa slyss, en gera má ráð fyrir, að a. m. k. líði 8-10 vikur þangað til.“

Stefnandi kveður umrædda aðgerð ekki hafa tekist sem skyldi, og því sé hún enn í dag óvinnufær. Í ljósi þessa sé of snemmt að taka afstöðu til varanlegrar örorku af völdum slyssins. Er því í málinu einungis gerð krafa um viðurkenningu á bótaskyldu stefndu vegna slyssins, en fyrir liggur bréf til lögmanns stefnanda frá stefnda Heiðari Sigurðssyni, dagsett 29. maí 1993, þar sem bótaskyldu er allsendis hafnað. Afstaða réttargæslustefnda er hin sama í fram lögðu bréfi frá 3. september s. á.

Af hálfu stefnanda var þess farið á leit við Iðntæknistofnun Íslands 12. apríl 1994, að fram færi tjónsgreining vegna umrædds eldhússtóls. Umsjón með því verki hafði Ingólfur Þorbjörnsson verkfræðingur. Kemst hann að svohljóðandi niðurstöðu í álitserð, sem dagsett er 22. s. m.:

„Skodun sýndi, að suða þverslár við stólgrind úr 20 mm röri hafði gefið sig beggja vegna með stökku broti. Ekki fundust nein merki um, að um þreytubrot væri að ræða, og má því telja líklegt, að um brot vegna yfirálags sé að ræða. Suðutenging við stólgrind hægra megin séð framan frá er með verulegum suðugalla (lack of fusion), þar sem samsuða þverslár er við stólgrind. Suðugalli þessi er vegna skorts á samsuðu þverslár við stólgrind, og lendir því suðan eingöngu í þessu tilviki á þverslá, en nær ekki að tengjast stólgrind. Þessi suðugalli hefur í för með sér minna burðarþol en reiknað er með og er þannig möguleg ástæða brots. Suða vinstra megin séð framan frá er án sjáanlegs galla. Þverslá, sem ekki brotnaði á stól, er með sjáanlegum sprungum í suðu.

Ályktun.

Stóllinn hefur að öllum líkindum brotnað vegna yfirálags í einu stökku broti. Suðugalli í annarri samsuðu þverslár við stólgrind hefur orsakað minna burðarþol stólsins, sem að öllum líkindum hefur orsakað það brot sem hér um ræðir. Hönnun stólsins með þverslám soðnum við stólgrind að neðanverðu er óheppileg með tilliti til burðarþols. Heppilegra þykir að hafa þverslár soðnar að ofanverðu við stólgrind með tilliti til spennuástands og þannig burðarþols.“

Vitnið Ingólfur Þorbjörnsson, kt. 311260-3249, hefur fyrir dómi staðfest fyrrgreinda álitserð, sem það kveður hafa verið unna af bestu vitund, fagþekkingu og samvisku. Vitnið kvaðst hafa gert venjulega sjónskoðun á viðkomandi stól, en auk þess hefði farið fram svokölluð víðsjárskoðun með smásjá á brotsárum, en með slíkri skoðun mætti sjá, hvort samsuða væri milli umræddrar þverslár og stólgrindar. Vitnið taldi óvanan mann ekki hafa getað séð það, áður en stóllinn brotnaði, að þessi tiltekna suða væri gölluð.

Heiðar Sigurðsson hefur í aðilaskýrslu fyrir dómi borið, að stólarnir fjór-

ir, sem stefnandi keypti, hafi ekki verið sérstaklega skoðaðir af sinni hálfu, áður en þeim var stillt upp til sölu í Húsgagnaloftinu. Hann minnti, að stólararnir hefðu borist sér fjórir saman, innpakkaðir, og hefði þá verið eftir að festa á þá stólseturnar. Kvað hann starfsmann sinn, sem væri lærður smiður, hafa slík verk með hendi í versluninni. Sjálfur kvaðst Heiðar vera gagnfræðingur að mennt, sem rekið hefði sérverslun með húsgögnum og stærri heimilistæki frá árinu 1979. Hann kvaðst ekki vita til þess, að starfsmenn sínir hefðu lofað stefnanda neinum sérstökum eiginleikum, er stólararnir voru seldir, eða tekið sérstaka ábyrgð á gæðum þeirra. Heiðar kvaðst hafa þær upplýsingar frá heildversluninni Kandís í Reykjavík, að ekki væri vitað um önnur sambærileg tilvik, en fyrirtækið hefði flutt til landsins og selt tugi eða hundruð sams konar stóla.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi telur sannað, að umræddur eldhússtóll hafi haft skaðlega eiginleika (d. farligt produkt), þar sem hann hafi verið hættulegur við venjulega notkun, þ. e. þegar setið var á honum. Ljóst verði að telja, að stóllinn hafi verið með framleiðslugalla (d. fabrikationsfejl), þar sem önnur tveggja suðutenginga á mótum fremri þverslár og stólgrindar hafi haft verulegan suðugalla. Þá reisir stefnandi málatilbúnað sinn einnig á því, að stóllinn hafi haft alvarlegan hönnunargalla (d. konstruktionsfejl), með því að þverslár voru soðnar við stólgrindina að neðanverðu, en slíkt hafi leitt til spennuástands í stólnum og rýrt burðarþol hans verulega.

Stefnandi telur staðreynt, að framleiðandi stólsins hefði með eðlilegri gætni og fullnægjandi gæðaeftirliti átt að uppgötva hina hættulegu eiginleika stólsins. Mjög ströng bótaábyrgð (d. produktansvar) hvíli á stefndu sem dreifingaraðila hinnar skaðlegu vöru, og megi jafna þeirri ábyrgð til sjálfskuldarábyrgðar fyrir hinn erlenda framleiðanda. Þá telur stefnandi, að stefndu hafi vanrækt skoðun umrædds stóls sem neytendavöru, áður en hann var boðinn almenningi til sölu í verslun þeirra. Gera verði þá kröfu til stefndu, sem sérhæfi sig í sölu húsgagna, að þeir kynni sér með eðlilegum hætti, hvers konar vöru þeir hafi á boðstólum, og gangi úr skugga um, að húsgögnum, sem þeir bjóði til sölu, séu ekki hættuleg við venjulega notkun. Styðjist þetta við dómafordæmi (Hrd. 1968, 1061, og Hrd. 1974, 977), kenningar fræðimanna og grundvallarviðhorf í þjóðfélaginu um neytendavernd og gæslu almannahagsmuna.

Stefnandi kveður beint orsakasamband vera milli líkamstjóns síns og skaðlegra eiginleika umrædds stóls, þar sem tjónið hefði ekki orðið, ef festing stólsetunnar hefði ekki verið gölluð. Þá sé skilyrðum skaðabótaréttar um sennilega afleiðingu fullnægt, enda hættan á líkamstjóni af völdum

hættulegra eiginleika stólsins vel fyrirsjáanleg. Vísar stefnandi hér um bóta-skyldu stefndu til almennra skaðabótareglna og viðurkenndra reglna skaða-bótaréttar um hlutlæga ábyrgð og stranga sakarábyrgð. Þá vísar stefnandi loks til grundvallarsjónarmiða, sem fram komi í lögum um skaðsemis-ábyrgð nr. 25/1991, og ákvæða laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Af hálfu stefndu er ekki vefengt, að umræddur stóll hafi haft framleiðslu-galla. Hins vegar er því mótmælt, að orsakir slyssins megi rekja til hönnun-argalla, enda segi í ályktun Iðntæknistofnunar, að suðugalli í stólnum hafi valdið slysinu, en ekki hönnun hans, þótt vel megi vera, að önnur hönnun hefði verið heppilegri með tilliti til burðarþols. Samkvæmt þessu sé því ekki um hönnunargalla að ræða í lagalegum skilningi.

Dómröfur stefndu eru á því reistar, að á hvorugum gallanum beri þeir skaðabótaábyrgð samkvæmt gildandi rétti á þeim tíma, er stóllinn gekk kaupum og sölum, enda stefndu hvorki framleiðendur stólsins né innflytj- endur, heldur smásali, sem keypt hefði stóllinn af innflytjanda til endursölu. Bótaábyrgð slíkra smásala á skaðlegum eiginleikum söluhlutar hafi fyrir gildistöku skaðsemislaga nr. 25/1991 grundvallast eingöngu á sakarreglunni, en engri sök sé til að dreifa af hálfu stefndu, þar sem hættueiginleikar margnefnds stóls saúst ekki við venjulega skoðun og meðhöndlun leik- manna. Séu stefndu þar alveg í sömu sporum og stefnandi, enda hvorugur málsaðila sérfróður um hættueiginleika stóla. Til að finna, í hverju stólnum hafi raunverulega verið áfátt, hafi þurft sérfræðilega skoðun og viðsjár- greiningu. Telja stefndu þess ekki verða krafist af smásala, að hann láti gera slíka sérfræðilega úttekt á algengustu neytendavörum fyrir sölu, heldur megi hann treysta því, að innflutt vara, sem hann fær í hendur til endursölu, sé áður nægilega prófuð og skoðuð af framleiðendum, innflytjendum og yfirvöldum.

Stefndu benda loks á, að með gildistöku laga nr. 25/1991 sé lögð á ríkari skaðsemisábyrgð en áður gildi, þ. e. hlutlæg ábyrgð, og nái hún til fleiri að- ilar en áður, þar á meðal til smásala. Lögin og grundvallarsjónarmið þeirra séu hins vegar ekki afturvirk og verði því ekki beitt um tjón stefnanda. Hagsmunir stefnanda krefjist þess ekki heldur, að stefndu verði dregin til ábyrgðar vegna slyssins, enda nái skaðsemisábyrgð samkvæmt eldri reglum bæði til framleiðanda söluvöru og innflytjanda hennar. Stefnanda hefði því verið í löfa lagið að beina málsókn sinni að heildversluninni Kandís, sem flutt hefði margnefndan stól til landsins.

Forsendur og niðurstaða.

Af hálfu málsaðila er ágreiningslaust, að stóll sá, sem áður er lýst og mál þetta er risið af, hafi haft ágalla, með því að önnur tveggja suðutenginga á

mótum fremri þverslár og stólgrindar hafði verulegan suðugalla. Er þetta í fullu samræmi við niðurstöðu Ingólfs Þorbjörnssonar verkfræðings, sem annaðist tjónsgreiningu á stól þessum eftir slysið, en vitnið hefur fyrir dómi staðfest álitssgerð sína þar að lútandi. Jafnframt hefur vitnið borið, að hönnun stólsins væri „óheppileg með tilliti til burðarþols“, og bent á, að „heppilegra“ þætti að hafa þverslár soðnar við stólgrind að ofanverðu. Með hliðsjón af álitssgerð þessari, sem hvorki hefur verið mótmælt né hnekkt hér fyrir dómi, þykir sannað, að tjónsatburðinn megi rekja til framleiðslugalla á umræddum eldhússtól. Á hinn bóginn þykir stefnandi ekki hafa sýnt nægilega fram á, að stóllinn hafi jafnframt haft hönnunargalla, enda veitir framburður áðurgreinds vitnis aðeins óljósa vísbendingu í þá átt, og ekki er vitað um nein sambærileg tjónstilvik af völdum annarra stóla sömu tegundar.

Kemur þá til álita, hvort stefndu séu skaðabótaskyldir gagnvart stefnanda vegna framleiðslugallans. Við úrlausn þess álitaefnis ber að styðjast við ólögfestar reglur fjármunaréttar um ábyrgð á tjóni af völdum hættulegra eða skaðlegra eiginleika söluvöru, en ný lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991, sem tóku gildi 1. janúar 1992, eiga samkvæmt 15. gr. laganna ekki við um tjón stefnanda af völdum umrædds stóls.

Stefndu keyptu stóllinn af innflutningsfyrirtæki í Reykjavík í því skyni að bjóða hann almenningi til sölu í húsgagnaverslun sinni hér á Ísafirði. Af gögnum málsins verður ráðið, að þeir hafi áður átt þess kost að skoða stóllinn með tilliti til þess, hvort hann hefði hættulega eiginleika, en slík skoðun mun ekki hafa farið fram. Verður það þó ekki virt stefndu til sakar, eins og hér stendur á, enda um ágalla að ræða, sem samkvæmt vætti Ingólfs Þorbjörnssonar verkfræðings varð vart greindur nema með sérstakri smásjárskoðun og því ekki á færi óvanra manna að greina hann, áður en stóllinn brotnaði.

Því er ekki haldið fram í málinu, að stefndu hafi tekið sérstaka ábyrgð á gæðum stólsins eða stefnandi áskilið sér nauðsynlega kosti eða eiginleika hans á þeim tíma, er kaupin fóru fram. Engu að síður þykir verða að gera ríkar kröfur til stefndu um, að slík vara, sem seld var stefnanda til venjulegra heimilisnota, fullnægi þeim öryggiskröfum, sem með réttu megi vænta af sams konar vöru. Upplýst er, að umræddur eldhússtóll hafði ekki þá eiginleika, sem stefnandi mátti gera ráð fyrir, þar sem fyrrgreindur ágalli var á suðutengingu, sem olli því, að stólsetan lét undan þunga stefnanda, er hún hugðist færa stóllinn nær eldhússborði á heimili sínu. Þegar þetta er virt og jafnframt er litið til þess, að stefndu áttu þess kost í atvinnurekstri sínum að kaupa ábyrgðartryggingu og dreifa þannig tjónskostnaði sem þessum, þykir mega fella fulla fébótaábyrgð vegna áðurgreinds slyss á stefndu, en stefnanda var rétt að beina málsókn sinni að þeim.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber að dæma stefndu óskipt til greiðslu málskostnaðar, sem þykir með hliðsjón af umfangi málsins og útlögðum kostnaði hæfilega ákveðinn 300.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Viðurkennd er með dómi óskipt skaðabótaskylda stefndu, Hús-gagnaloftsins og Heiðars Sigurðssonar, vegna líkamstjóns þess, sem stefnandi, Ragnheiður Erla Hauksdóttir, varð fyrir á heimili sínu 1. janúar 1993 af völdum eldhússtóls, sem hún hafði keypt í verslun stefndu.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 300.000 krónur í málskostnað.
